

## FUNDARGERÐ

Árið 2019, föstudaginn 30. ágúst kl. 9:00, var haldinn símafundur í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Á símafundi voru: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Stefán Vagn Stefánsson og Tómas Ellert Tómasson (í fjarveru Margrétar Þórarinsdóttur) ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Tinnu Dahl Christiansen og Gústav Aron Gústavssyni sem ritaði fundargerð.

Friðbjörg Matthíasdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Sameiningar sveitarfélaga

Lögð voru fram drög að reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, ásamt yfirliti yfir útreiknuð sameiningarframlög miðað við breytta aðferðafræði.

Í drögum að nýjum reglum eru framlög vegna sameiningar sveitarfélaga skipt upp í sex liði sem eru eftirfarandi:

- a) Með framlagi sem samsvarar eðlilegum kostnaði sveitarfélaga við könnun á hagkvæmni sameiningar, kynningu á sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu, sbr. 2. gr.
- b) Með sérstöku framlagi til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga við sameiningu, sbr. 3. gr.
- c) Með óskertum tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlögum, sbr. 12. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, á því ári er sameiningin tekur gildi.
- d) Með sérstöku framlagi í fjögur ár, frá sameiningarári að telja, sem nemur þeirri skerðingu sem kann að verða á tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlögum í kjölfar sameiningar, sbr. 4. gr.
- e) Með framlagi vegna kostnaðar við framkvæmd sameiningar og til að stuðla að endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu í allt að fimm ár frá sameiningu. Heildarframlag samkvæmt þessum staflað nemur 100 m.kr. fyrir hvert sveitarfélag sem tekur þátt í sameiningunni.
- f) Með sérstöku framlagi til að rétta stöðu sveitarfélaga við sameiningu þar sem fjölgun íbúa hefur verið undir árlegri meðalfjölgun íbúa í sveitarfélögum á landsvísi, sbr. 5 gr.

*Nefndin tók almennt vel í tillögu að nýjum reglum en fram kom að reglurnar þurfa að vera skýrari og gagnsærri og framlögin þurfa að vera fyrirsjáanlegri vegna þeirrar ákvörðunartöku sem sveitarstjórnir standa frammi fyrir. Þrátt fyrir að hafa aðeins haft stuttan fyrirvara gerði nefndin nokkrar athugasemdir; Í fyrsta lagi þarf að setja framlög skv. a-lið í fastari skorður, til að mynda með auglýstum vinnureglum. Í öðru lagi þarf að taka fram í reglunum hvenær og á hversu löngum tíma framlögin verða greidd út. Jafnframt þarf að taka fram varðandi skuldajöfnunarframlög hversu hátt hlutfall af framlaginu eigi að fara í niðurgreiðslu skulda. Það hlutfall ætti að vera megin hluti framlagsins. Þá var bent á mikilvægi þess að ljúka heildarendurskoðun jöfnunarkerfisins sem tekur mið af fyrirhuguðum kröfum um lágmarksfjölda íbúa sem á að tryggja sjálfbærni sveitarfélaga með*

*a.m.k. 1.000 íbúa eða fleiri. Að lokum var rætt um mikilvægi þess að tryggja að reglurnar eigi sér skýra lagastoð. Nefndin áskildi sér rétt til að koma að frekari athugasemdum síðar þegar umsagnarferli um þær er lokið.*

**2. Önnur mál**

Næsti fundur nefndarinnar verður 5. september kl. 11:00.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 10:00.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Friðbjörg Matthíasdóttir

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Tómas Ellert Tómasson

---

Stefán Vagn Stefánsson